

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sviðslistir.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

1. Við 1. mgr. 1. gr.
 - a. Orðið „íslenskar“ falli brott.
 - b. Í stað orðanna „kveða á um fyrirkomulag“ komi: marka heildarramma fyrir málefni.
2. Í stað 3. og 4. másl. 2. gr. komi einn nýr málsliður, svohljóðandi: Þjóðleikhúsið skal stuðla að þróun sviðslista og nýsköpunar, efla íslenskra leikritun, leitast við að glæða áhuga landsmanna á sviðslistum og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna á íslensku.
3. Við lokamálslið 3. gr. bætist: innan lands og til annarra landa og að fengnir séu til Íslands erlendir listamenn, eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Við 4. gr.
 - a. 3. másl. 1. mgr. falli brott.
 - b. Á eftir orðunum „Þjóðleikhússtjóri situr“ í lokamálslið 2. mgr. komi: að jafnaði.
5. Í stað orðsins „sviðslistafólks“ í 2. másl. 1. mgr. 5. gr. komi: innan Sviðslistasambands Íslands.
6. Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Leikhúsið auglýsir eftir samstarfsaðilum ár hvert og gerir formlega samstarfssamninga berist umsókn um samstarf sem er til þess fallið að ná markmiðum ákvæðisins.
7. 9. gr. orðist svo:

Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna dansverk, vera vettvangur fyrir framþróun og nýsköpun danslistar á Íslandi og glæða áhuga landsmanna á danslist.
8. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. falli brott.
9. Í stað orðsins „sviðslistafólks“ í 2. másl. 1. mgr. 12. gr. komi: innan Sviðslistasambands Íslands.
10. Á eftir 1. másl. 1. mgr. 13. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Dansflokkurinn auglýsir eftir samstarfsaðilum ár hvert og gerir formlega samstarfssamninga berist umsókn um samstarf sem er til þess fallið að ná markmiðum ákvæðisins.
11. Í stað orðanna „Sviðslistasamband Íslands tilnefnir“ í 2. másl. 15. gr. komi: Fagfélög :
innan Sviðslistasambands Íslands tilnefna. :
12. Við 17. gr.
 - a. Í stað orðanna „kosta önnur verkefni“ í 1. másl. 1. mgr. komi: standa straum af :
öðrum verkefnum. :
 - b. Við 1. másl. 1. mgr. bætist: með úthlutun fjár úr sjóðnum til atvinnuhópa.
 - c. 2. másl. 1. mgr. falli brott.
 - d. Í stað orðsins „sviðslistasjóði“ í 3. mgr. komi: ríkissjóði.
13. Í stað orðanna „er heimilt að“ í 18. gr. komi: skal.
14. 1. másl. 19. gr. orðist svo: Ráðherra skal skapa grundvöll fyrir óperuflutningi og stuðla :
þannig að því að glæða áhuga landsmanna á óperum. :
15. Í stað orðanna „Ráðherra skal“ í ákvæði til bráðabirgða III komi: Þrátt fyrir ákvæði 21. :
gr. skal ráðherra.